Einn af þeim mönnur er ég á yngri árum komst í kynni við var Þorfinnur Kristjánsson prentari er þá ritstýrði, prentaði og gaf út Suðurland – VI. árgang 1916 – sem ~~þá~~ kom út á Eyrarbakka.

Í ársbyrjun 1917 hættir Þorfinnur við útgáfu blaðsins, og mun hafa horfið til Kaupmannahafnar fljótlega eftir það og skilda þar með leiðir.

Árið 1960 erum við hjónin á kynnisferð í Kaupmannahöfn og komumst inn á sumarfagnað Íslendinga sem haldinn var í húsakynnum „Studenterneskunstforening" þann 21. apríl (1. sumardag). Þarna hitti ég ~~mín forna vin~~ Þorfinn Kristjánsson. Spurði ég hann meðal annars: „~~Attu~~ Attu Suðurland?" „Eitthvað á ég af því" var svar ~~Þorfinns~~ hanns.

Þann 2. júlí sama ár snarast Þorfinnur innúr dyrum hér í Holti og er þá með þunnan blaðapakka undir hendi og segir: „Hérna er það þú mátt eiga þetta" og var þar kominn VI. árg. Suðurlands frá árinu 1916.

Nú grunar mig að árgangur þessi sé ekki í margra höndum, og ~~ég~~ vil gjarnan eiga hlut að því að hann varðveitist.

Þó ég egi marga afkomendur tel ég betur fyrir séð um varðveislu að þetta komist á safn, og afhendi því hermeð Héraðsbókasafni Árnessýslu eitakið til eignar og varðveislu.

Holti, 4. september 1974

Einn af þeim mönnum er ég á yngri árum komst í kynni við var Þorfinnur Kristjánsson prentari, er þá ritstýrði, prentaði og gaf út Suðurland - VI. árgang 1916 - sem kom út á Eyrarbakka.

Í ársbyrjun 1917 hættir Þorfinnur við útgáfu blaðsins, og mun hafa horfið til Kaupmannahafnar fljótlega eftir það og skildu þar með leiðir.

Árið 1960 erum við hjónin á kynnisferð í Kaupmannahöfn og komumst inn á sumarfagnað Íslendinga sem haldinn var í húsakynnum "Studenterneskunstforening" þann 21. apríl (1. sumardag). Þarna hitti ég Þorfinn Kristjánsson. Spurði ég hann meðal annars: "Áttu Suðurland". "Eitthvað á ég af því" var svar hans.

Þann 2. júlí sama ár snarast Þorfinnur inn úr dyrum hér í Holti og er þá með þunnan blaðapakka undir hendi og segir: "Hérna er það. Þú mátt eiga þetta", og var þar kominn VI. árgangur Suðurlands frá árinu 1916.

Nú grunar mig að árgangur þessi sé ekki í margra höndum, og vil ég gjarnan eiga hlut að því að hann varðveitist. Þó ég eigi marga afkomendur tel ég betur fyrir séð um varðveislu að þetta komist á safn, og afhendi því hérmeð Héraðsbókasafni Árnessýslu eintakið til eignar og varðveislu.

Holti, 21. september 1974

Koll Hákon minn!

Ég hef ádur talad vid pig um rádstöfun á Gudurlandi sem ég á – VI. árg., 1916 – og sendi pér hér med upprkast ad bréfi, sem mér detta í hug ad láta fylgja. Getir pú fallist á pessa rádstöfun, form og efni bréfsins, bid ég pig ad vélrita pad fyrir mig og endursenda. Pú gétur breytt ordalagi ef pér pykir betur fara.

Á fótinn vantar: Til Héradsbókasafns Árnessýslu, Selfossi.

Med bestu kvedju

Holti, 4.9.'74

Sigurgr. Jónsson